

# Hálstöflur unnar úr íslenskri lækningajurt.

## **Bakgrunnurinn:**

*Hver er staðan hjá fyrirtækinu / verkefninu. Hvaða þarfir þarf að uppfylla.*

*Hver er staða á markaði, samkeppni, viðskiptavinir. Annað sem þykir mikilvægt.*

SagaMedica setti á markað hálstöflur unnar úr íslensku ætíhvannalaufi árið 2003. Varan var þróuð á grunni rannsókna sem sýna að í laufi íslensku ætíhvannarinnar eru lífvirk efni sem hafa veiruvirkni. Varan sem sett var á markað undir nafninu Voxis selst í um 4000 pakkningum á mánuði á innlendum markaði. Útflutningur hefur aðallega verið til Noregs.

Sambærileg vara, Airborne, hefur þann ókost að leysa þarf þær töflur upp í vatni. Hálstöflur SagaMedica bráðna hins vegar í munni. Ekki er um að ræða aðra vöru á markaðnum sem unnin er úr ætíhvönn.

Þeir sem prófa vöruna í fyrsta sinn leggja mikið á sig til að komast yfir hana aftur. Nokkrir erlendir ferðamenn sem keypt hafa vöruna á Íslandi eru í nokkurs konar „áskrift“ að vörunni og fá hana reglulega senda til síns heima.

## **Hvert er markmið, tilgangur verkefnisins:**

*Hverju er verið að ná fram til hvers er hönnunin.*

Markmiðið er að hanna heppilegar umbúðir fyrir hálstöflur unnar úr ætíhvannalaufi sem ætlaðar væru sérstaklega fyrir flugfarþega. Þessi vara hefur fengið vinnuheitið AngelicAir (ferskt loft englanna).

Varan er hugsuð þannig að ein hálstöfla sé tekin fyrir hvern floginn klukkutíma og er þetta hugsuð fyrir þá sem vilja halda uppi vörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum gegn kvefveirum sem hringsóla um loftræstikerfi flugvélanna og blásast í gegnum lofttúður beint framan í flugfarþega. Um er að ræða hálstöflur unnar úr lífvirkum náttúruæfnum úr ætíhvannalaufi sem rannsóknir hafa sýnt að innihalda veiruvirk efni.

Jafnframt að hanna sérstaka kynningarpakkingu fyrir einn mola, sem rúmaði upplýsingar um vöruna, fyrirtækið og rannsóknir þess á lífvirkum efnum í íslenskum lækningajurtum og mati á áhrifum þeirra á mannfólkið.

## **Markhópurinn:**

*Fyrir hvern er hönnunin/ varan til hvers á hún að höfða. Hverjir eru væntanlegir kaupendur.*

Ætlunin er að hanna sérstakar pakkingar af hálstöflum ætlaðar fyrir sölu um borð í flugvélum og á flugvöllum. Hún þarf því að vera í þannig pakkingum að henti vel til sölu um borð í flugvélum þar sem pláss er jafnan af skorum skammti.

Varan væri jafnframt ætluð þeim sem starfs síns vegna væru í aukinni hættu á úðasmiti og verður tekin til sölu í erlent vefsölu fyrirtæki. Umbúðir þurfa því jafnframt að vera heppilegar fyrir pósthlutninga.

## **Hverjar eru aðaláherslurnar:**

*Hvað er merkilegt við þessa vöru hvernig er hún frábrugðin öðrum sambærilegum*

Um er að ræða hálstöflur unnar úr ætíhvannalaufi. Sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að ætíhvannalauf inniheldur veiruvirk efni. Hálstöflurnar hafa reynst vel við að lina sáran háls og jafnframt reynst fyrirbyggjandi þegar særindi í hálsi hafa gert vart við sig.

Varan er unnin úr ætíhvönn sem er íslensk lækningajurt. Ætíhvönn hefur verið þekkt lækningajurt í 1100 ár. Latneska heiti íslensku ætíhvannarinnar er Angelica Archangelica (erkiengilsjurt). Latneska heitinu fylgir sú saga að erkiengill hafi birst frönskum munkum í draumi á miðöldum og bent honum á jurtina til að verjast drepsótt.

Hálstöflurnar hafa verið seldar í „bulky“ pokum með 20 hálstöflum undir nafninu Voxis. Hálstöflurnar eru fáanlegar í öllum heilsuvöruverslunum, apótekum og völdum stórmörkuðum.

### **Meginsölupunktur:**

***Hvað hefur þessi vara sem gerir hana eftirsóknarverða.***

Varan er unnin úr hreinu íslensku hráefni, íslensku ætíhvönninni sem hefur 1100 ára sögu sem lækningajurt. Rannsóknir hafa staðfest að í ætíhvönninni eru lífvirk efni sem geta verið heilsubætandi. Hálstöflurnar eru unnar úr ætíhvannalaufinu sem inniheldur veiruvirk efni.

### **Önnur mikilvæg atriði:**

Þessi vara er hugsuð fyrir alþjóðlegan markað og verður jafnframt tekin til sölu í erlent vefsölufyrirtæki. Nói Siríus er undirverktaki SagaMedica við framleiðsluna. Nói Siríus sér um slátt á hálstöflunum og þökkun. Æskilegt væri að minnka stærð á hálstöflunum fyrir þetta verkefni. Möguleikar á minni stærðum hafa verið ræddir við Nóa Siríus.

### **Hvað þurfum við og hvenær:**

***Hvenær á varan að fara á markað. Hverjar eru helstu dagsetingar og tímamörk***

Fyrirhugað er að kynna vöruna fyrir flugfélögum í byrjun árs 2009.

Stefnt er að því að flugfélög taki vöruna inn til sölu í vorbæklinga sína.

### **Tengiliður fyrirtækisins vegna verkefnisins:**

Perla Björk Egilsdóttir Sérfræðingur, s. 5533872 | 5229000 | 8994422, perla@sagamedica.is